

Nr. 141 / 09 Málmei SK 1***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1833
Smíðaður: Flekkefjord Noregi 1987, stál
Stærð: 882,8 brl. 1469,7 bt.
Mesta lengd: 56,5 m Skráð lengd: 54,4 m
Breidd: 12,6 m Dýpt: 7,7 m
Vél: Wärtsilä 2200 kW, 1987
Fjöldi skipverja: 26

Gögn:
Gögn RNS



Málmei ©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 20. ágúst 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 13. október 2009 var Málmei SK 1 á togveiðum á Þórsbanka. Veður: SV 12 m/s

Skipverji var að vinna við bakborðshausara á vinnslupilfari. Fiskur festist í stjórnborðshausaranum sem var fyrir aftan skipverjann og ætlaði hann að kippa fiskinum út en við það festist langatöng í færibandinu með þeim afleiðingum að hann slasaðist. Gert var að sárum slasaða um borð.

Við rannsókn kom fram:

- að tvær hausingavélar eru í skipinu og voru báðar í notkun. Við að reyna að ná taki á fiskinum greip gripklampinn á færibandinu í finger slasaða. Slasaði sagðist hafa öskrað og áður en sá sem stjórnaði hausingarvélinni áttaði sig var slasaði búinn að rífa höndina lausa;
- að neyðarstöðvun er innan seilingar stjórnanda vélarinnar;
- að slasaði sagði aðvörunarskilti vera á vélinni og hann hafi verið varaður við hættunni.

Nefndarálit:

Nefndin telur orsök slyssins vera að slasaði greip inn í verk sem hann átti ekki að gera nema að láta stöðva færibandið áður.